

Upplýsingaöryggisstefna 2.0

Upplýsingaöryggisstefna

Prógramm ehf. fylgir eftirfarandi upplýsingaöryggisstefnu:

1. Hlutverk Prógramm er að tryggja öryggi upplýsinga fyrirtækisins og viðskiptavina sinna m.t.t. leyndar, réttleika og tiltækileika.
2. Prógramm fylgir markmiðum, lögum, reglum og leiðbeiningum við uppbyggingu stjórnerkis upplýsingaöryggis. Stjórnerfið er grundvöllur skipulags og viðhalds ráðstafana sem standa vörð um leynd, réttleika og tiltækileika gagna og upplýsingakerfa. Auk þess fylgir félagið öllum samningum sem það er aðili að og varða upplýsingaöryggi.
3. Upplýsingaöryggisstefna og verklagsreglur Prógramm í upplýsingaöryggismálum er bindandi fyrir alla starfsmenn fyrirtækisins og nær til allra þjónustuaðila sem veita Prógramm ehf. þjónustu.
4. Allir starfsmenn Prógramm og þjónustuaðilar eru skuldbundnir til að vernda gögn og upplýsingakerfi gegn óheimiluðum aðgangi, notkun, breytingum, uppljóstrun, eyðileggingu, tapi eða flutningi.
5. Starfsmenn Prógramm, viðskiptavinir og þjónustuaðilar eru hvattir til að tilkynna upplýsingaöryggisatvik og -frávik sem upp koma í þeim tilgangi að stuðla sífellt að stöðugum umbótum.
6. Prógramm framkvæmir reglulega áhættumat og innri úttektir til þess að ákveða hvort frekari aðgerða sé þörf og greina tækifæri til stöðugra umbóta.
7. Upplýsingaöryggisstjóri gefur árlega út skýrslu varðandi framkvæmd og virkni Prógramm gagnvart þessari stefnu og öðrum þeim sem hafa verið samþykktar.
8. Starfsmönnum, þjónustuaðilum og verktökum, núverandi og fyrrverandi, er óheimilt að veita upplýsingar um innri mál Prógramm, viðskiptavina eða annarra starfsmanna.
9. Prógramm stuðlar að virkri öryggisvitund starfsmanna, þjónustuaðila og gesta. Starfsemi og starfshættir starfsmanna Prógramm skulu vera til fyrirmyndar hvað varðar upplýsingaöryggi.
10. Prógramm endurskoðar þessa stefnu eins og tilefni er til en að lágmarki á tveggja ára fresti.
11. Prógramm mun fylgja *ÍST ISO/IEC 27001:2017 – Stjórnerkerfi um upplýsingaöryggi* sem er grundvöllur skipulags og viðhaldsaðgerða sem hafa það að markmiði að tryggja *leynd, réttleika og tiltækileika* gagna og upplýsingakerfa.
12. Stefnur og verklagsreglur Prógramm í upplýsingaöryggismálum er nánar lýst í [Stjórnerfi upplýsingaöryggis](#).

Kópavogur, 24.09 2021

Gunnar Einarsson

Framkvæmdastjóri